

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 18/2018.

Reykjavík, 20.09.2018

2018090176

Efni: Innköllun á Delicata Brasilíuhnetum vegna þess að sveppaeitrið aflatoxín greindist í hnetunum yfir mörkum.

Aðföng hafa, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði tiltekna lotu af Delicata Brasilíuhnetum í 100 g pokum vegna þess að í reglubundnu eftirliti greindist sveppaeitrið aflatoxín B₁ í hnetunum yfir mörkum.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

Vörumerki: Delicata.

Vöruheiti: Brasilíuhnetur.

Strikanúmer: 5690350050647.

Nettómagn: 100 g.

Best fyrir: 30.04.2019

Framleiðandi: System Frugt A/S, Danmörku.

Innflytjandi: Aðföng, Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir Bónus og Hagkaupa um land allt.

Upplýsingar um sveppaeitrið aflatoxín er að finna á vefsíðu Matvælastofnunar, <http://www.mast.is/matvaeli/adskotaefni/sveppaeitur/>.

Viðskiptavinum Bónus og Hagkaupa sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600 eða í gegnum netfangið gaedastjori@adfong.is.

